

## ✉ Re: Ósk um umsögn um framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá

Búið til	18.5.2020 09:05:54
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	18.5.2020 09:05:53
Tilheyrir	📁 202005-0010 - Skemmdir á göngustíg við Varmá í Mosfellsbæ við Eyrarhvamm

### Efni

Re: Ósk um umsögn um framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá
---

### Upplýsingar

Sent	18.5.2020 09:05:53	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	tomas@mos.is

### Innihald

<p>Tilvísun í málsnr. 2020050010 (TB)</p> <p>Vísað er til bréfs frá Mosfellsbæ, dags. 30. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lagfæringar á göngustíg meðfram Varmá þar sem greinilega hefur rofnað úr bakka/göngustíg árinna. Varmá nýtur hverfisverndar. Fram kemur í bréfinu að Mosfellsbær er að vinna að umhverfisskipulagi fyrir Varmá frá upphafi til ósa þar sem m.a. verður tekið á ofanvatns- og flóðamálum m.a. til að koma í veg fyrir að grípa þurfi til bráðabirgða lagfæringa vegna framangreinds bakkarofs. Umræddur hluti árinna er á landi í einkaeigu. Vinna við heildarlausn er skammt á veg komin.</p> <p>Náttúrufræðistofnun hefur skoðað gögn málsins. Ljóst er að bakkarof er nokkuð og líklega viðvarandi „vandamál“ sem gæti jafnvel með tímanum náð inn fyrir girðingu sem sýnd er á mynd með erindinu. Rétt er að hafa í huga að bakkavarnir á einum stað geta leitt til breytinga á öðrum. Það gæti því verið vandmeðfarið að finna lausn til framtíðar. Ef eingöngu á að ráðast í aðgerðir með þeim hætti sem sýnt er á mynd með erindinu þá gerir Náttúrufræðistofnun, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, ekki athugasemd við að ráðist verði í þær þar sem stofnunin telur ekki líklegt að framkvæmdirnar valdi verulegu tjóni á lífríki árinna. Mikilvægt er að rétt sé staðið að verki og öllu raski haldið í lágmarki. Náttúrufræðistofnun hefur ekki skoðað þetta svæði sérstaklega á vettvangi en tekur mið af umfangi framkvæmdarinnar.</p> <p>Þau mál sem snúa að eigendum þeirra lóða sem málið varðar eru utan hlutverks Náttúrufræðistofnunar en hljóta að vera hluti af heildarskipulagi fyrir Varmá. Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, 17. gr. segir: „Almenningi er heimil för um landið og dvöl þar í lögmætum tilgangi. Rétti þessum fylgir skylda til að ganga vel um náttúru landsins.“ og í 26. gr. sömu laga segir „Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna.“ Á umræddum stað virðist vera samkomulag um að leyfa göngustíg meðfram ánni og því mikilvægt að sátt náist um umferð á svæðinu hvort sem það verður</p>
--

metið svo til framtíðar að halda eigi göngustígnum á sama stað, með viðeigandi aðgerðum ásættanlegum út frá sjónarmiðum náttúruverndar og m.t.t. landeiganda, eða færa hann. Afar mikilvægt er að hægt sé að njóta náttúrunnar og viðhalda náttúrulegu umhverfi eins og mögulegt er þó að um sé að ræða þéttbýli.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Tómas Guðberg Gíslason" <tomas@mos.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Ósk um umsögn um framkvæmdir á svæði á náttúruminjaskrá  
**Date:** 6.5.2020 11:11:33

Góðan dag.

Í samræmi við 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óskar Mosfellsbær eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna lagfæringa á göngustíg við Varmá vegna bakkarofs.

Framkvæmd hefst þegar nauðsynleg leyfi liggja fyrir og klárast á örfáum dögum. Rask verður óhjákvæmilegt en frágangur verður til fyrirmyndar og farið verður að reglum Mosfellsbæjar um framkvæmdir á viðkvæmum svæðum í Mosfellsbæ, <https://www.mos.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykkir/nanar/2018/04/20/Framkvaemdir-a-vidkvaemum-svaedum-i-Mosfellsbae/> (<https://www.mos.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthykkir/nanar/2018/04/20/Framkvaemdir-a-vidkvaemum-svaedum-i-Mosfellsbae/>)

*Með kveðju,*

**Tómas G. Gíslason**

Umhverfisstjóri

Umhverfissvið Mosfellsbæjar

Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ

Sími: 525 6700

[www.mos.is](http://www.mos.is) (<http://www.mos.is>)

---

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja

Skráning á póstlista fréttu ([mos.is/forsida/postlisti](http://mos.is/forsida/postlisti))

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum (<http://www.mos.is/forsida/trunadur>)

## Viðhengi

Skemmdir á göngustíg við Varmá við Eyrarhvamm\_osk\_um\_umsogn.pdf (388 KB)

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)